



## **150. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn 30. nóvember 2007, kl. 12:00 á Hótel Nordica.**

Mætt: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Örn Þórðarson, Aldís Hafsteinsdóttir í fjarveru Ólafs Áka og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

### **1. Urðun á riðusmituðu fé.**

Í framhaldi af fundi 29. nóvember sem yfirdýralæknir óskaði eftir með formanni Sorpstöðvar Suðurlands en fundinn sátu Ragnheiður Hergeirsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Halldór Runólfsson, Jón Gíslason, Viktor Pálsson og Ísólfur G. Pálmason, hefur Sorpstöð Suðurlands ákveðið að verða við beiðni yfirdýralæknis um að taka við 300 kindum frá bænum Skollagróf í Hrunamannahreppi. En kindurnar verða skornar niður vegna þess að riða kom upp á bænum í haust.

Sorpstöð Suðurlands mun koma kindunum í brennslu á hjá Sorpbrennslustöð Suðurnesja enda er það í samræmi við reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur og dýraleyfum, einig er það í samræmi við stefnu Sorpstöðvar Suðurlands frá 22. febrúar s.l. um að hætta móttöku á smituðum úrgangi. Jafnframt er brennsla á kindunum besti kosturinn að mati Umhverfisstofnunar sbr. Bréf UST um urðun á dýrahraejum vegna riðuniðurskurðar dagsett 29. nóvember 2007.

Sorpstöðin óskar eftir góðu samstarfi um framkvæmd málsins og óskar eftir að upplýsingum um hvenær og hvernig verður staðið að slátrun dýranna.

Ekki fleira gert og fundi lokið 13:20